

## Bókaskápurinn minn

Í bókaskápnunum mínum geymi ég nokkrar gamlar námsbækur, sem ég hef ekki tímt að henda, þótt ég sé löngu hættur að lesa það sem í þeim stendur. Þarna er *Gray's Anatomy*, og *Lehrbuch der Topographischen Anatomie*, báðar svo niðþungar að þær myndu sliga hvern þann læknanema sem reyndi að bera þær í bakpoka heim til sín á kvöldin. Það tíðkaðist reyndar ekki á mínum tíma í læknadeild að ferðast mikið með námsbækurnar, því lesið var á lesstofum og bækurnar geymdar þar meðan tímar voru sóttir eða skotist heim á kvöldin til að sofa í nokkrar klukkustundir. Þá var mikið lesið, ekki síst fyrir próf þegar lífið snerist um hve margar blaðsíður var komist yfir og hvort þessi kaflar eða hinn hefði verið lagður að velli. Einn bekkjarbróðir, norskur að ætt, sagði mér löngu síðar, að hann hefði staðið norskum kollegum sínum langtum framar í teoriiinni þegar hann sneri til baka. „Hversvegna var það?“ spurði ég, því við vorum sammála um að kennslan hefði ekki verið uppá marga fiska í þá daga og líklega verri en í Noregi. „Við lásum svo mikið“ svaraði hann. Nokkuð til í því, hugsaði ég, enda blasa sannindamerkin við þegar gömlu námsbækurnar eru opnaðar, þéttar undirstrikanir á öllum blaðsíðum, sumstaðar jafnvel tvöfaldar. Í skápnunum eru líka ýmisskonar fagbókmenntir um barnalæknisfræði, taugasjúkdómafræði og aðrar skyldar greinar, sem safnast hafa saman í gegnum tíðina og dagað þarna uppi, stundum án þess að það hafi endilega verið meiningin. Um daginn fór ég í skápinn til að sjá hvort ég fyndi

bókina sem var mörgum læknanemanum örlagavaldur á fyrsta ári námsins, *The Tissues of the Body*, en greip í tóm. Hef líklega hent henni í ruslið úr því að ég náði upphafsprófunum inn í deildina vorið 1967. Þetta var ekki stór bók, en textinn einstaklega tyrfinn og illskiljanlegur, hugtökin framandi svo oft þurfti að fletta upp í orðabókum til að skilja hvað þarna stóð. Þessi bók var númerus clausus síns tíma og þeir fáu sem náðu munnlega prófinu að vori, voru ýmist námshestar, nörðar eða lukkuriddarar sem höfðu verið svo heppnir að lesa akkúrat kaflann um prófsefnið sem prófessor Jón Steffensen hafði skrifað á litla bréfmiða og lagt á grænan fíldúk fyrir framan sig og prófdómarann.

Neðst í bókaskápnunum eru *Gray's* og biblían barnataugalæknisfræðinnar *The Practice of Pediatric Neurology*, ásamt klassíkum eins og *Muscle Disorders in Childhood*, *Wolff's Headache* og *Tourette Syndrome and Human Behavior*, sem er tæplega 700 blaðsíður með smáu lettri.

**Um daginn fór ég í skápinn til að sjá hvort ég fyndi bókina sem var mörgum læknanemanum örlagavaldur á fyrsta ári námsins, *The Tissues of the Body*, en greip í tóm. Hef líklega hent henni í ruslið úr því að ég náði upphafsprófunum inn í deildina vorið 1967.**



**Pétur Lúðvígsson**  
læknir

Ófar eru minni bækur og kiljur sem láta lítið yfir sér, en innihalda þó mikinn vísdom sumar hverjar. Þarna eru til dæmis flestar bækur Olivers Sachs, breska taugalæknisins og rithöfundarins, sem öðlaðist heimsfrægd fyrir bók sína *Awakenings*, um „upprisu“ fórnarlamba von Economo heilabólguafaldursins eftir L-Dopa lyfjameðferð og bókina *The Man who Mistook his Wife for a Hat*, með klínískum reynslusögum af sjúklingum með sérkennilegustu einkenni heilasjúkdóma. Efst í skápnunum, innanum myndabækur af dysmorfólógískum syndrómunum og útbrotum sé ég *The House of God*, sem ég hélt mikið uppá meðan ég var í framhaldsnámi í Bandaríkjunum og reyndar síðan. Kostuleg og drepfyndin skáldsaga um líf og störf kandidateata á stóru háskólasjúkrahúsi í Bandaríkjunum. Bókin olli miklu fjaðrafoki þegar hún kom út og var ýmist lofuð í hástert eða rökkud niður sem argasti skandall. Bókin er full af sarkastískum vísdomi, eins og „We came here to serve God and also to get rich“ og „Remember, it is the patient who has the disease“. Djúpvitur humor þessarar bókar hefur oft leitað á hugann á löngum ferli, kannski oft en margt af því sem nú safnar ryki í gamla bókaskápnunum.



Stjórn Öldungadeildar  
Óttar Guðmundsson formaður  
Helga M. Ögmundsdóttir ritari  
Sigurður Guðmundsson gjaldkeri  
Friðrik Yngvarsson  
Gísli Einarsson

Ritstjóri vefsíðu og síðu  
Öldungadeildar í Læknablaðinu:  
Helga M. Ögmundsdóttir